

FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS

Fundur nr. 1828

Ár 2009, þriðjudaginn 12. janúar kl. 16:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarstjóra í Ráðhúsinu.

Fundinn sátu: Baldur S. Einarsson, Anna S. Jörundsdóttir og Elías Jónatansson, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð. Soffía Vagnsdóttir boðaði forföll, en enginn mætti í hennar stað.

Dagskrá:

1. Styrkur til Vesturafis.

Bréf frá Vesturafli, dags. 1. desember 2009 þar sem óskað er eftir styrk við starfsemina.

09 12 030

Gert var ráð fyrir áframhaldandi stuðningi við verkefnið í fjárhagsáætlun fyrir árið 2010. Bæjarráð samþykkir umbeðna upphæð kr. 360.000,- fyrir árið 2010.

2. Húsaleigubætur.

Bréf frá Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, þar sem ný viðmiðunarfjárhæð vegna eignarmarkna við útreikning húsaleigubóta er kynnt. Upphæðin er kr. 5.918.453,-.

10 01 002

Kynnt.

3. Fjárheimild til endurgreiðslu vegna refaveiða.

Bréf frá Umhverfisstofnun, dags 5. janúar 2010, þar sem kynnt er að endurgreiðslur vegna refaveiða verða með sama hætti og áður hefur verið.

Kynnt.

4. Önnur mál.

a. Kynningarfundur á Ísafirði 15. janúar um nýjar leiðir til að efla sveitarstjórnarstigið.

Fundurinn er á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Fundi slitið kl. 16:45.

Baldur S. Einarsson
Anna S. Jörundsdóttir
Elías Jónatansson